



**Ytri-Neslöndum  
660 Mývatnssveit  
Íslandi  
[www.fugasafn.is](http://www.fugasafn.is)  
[Fugasafn@fugasafn.is](mailto:Fugasafn@fugasafn.is)  
464 4477**

**Ársskýrsla 2014**



# Ársskýrsla 2014

---

## Efnisyfirlit

Formáli.....	- 3 -
Opnunartími .....	- 3 -
Stjórn og starfsfólk .....	- 3 -
Aðsókn.....	- 4 -
Húsnæði.....	- 6 -
Safnkostur .....	- 6 -
Skráningarkerfi .....	- 6 -
Varðveisla .....	- 6 -
Rannsóknir.....	- 6 -
Miðlun .....	- 8 -
Samstarfsaðilar .....	- 8 -
Önnur þjónusta .....	- 8 -
Rekstur .....	- 9 -
Mat á starfssemi.....	- 9 -
Næstu skref .....	- 9 -
Lokaorð.....	- 9 -



# Ársskýrsla 2014

---

## Formáli

Nú er sjötta heila rekstrarárið að baki. Það komu 10.442 gestir í safnið í ár sem er fækkun um 1.082 gesti frá síðasta ári. Hvað veldur þessari fólksfækkun er sennilega heimsmeistaramótið í fótbolta sem skýrir fækkun í júní og júlí, þá var færri fólk á ferðinni og svo þegar fór að gjósa í Holuhrauni í haust þá sá maður að fólk var ekki að koma hingað á svæðið því lokað var að Dettifossi og upp í Öskju. Maður vonar að á næsta ári fjölgi gestunum aftur.

## Opnunartími

Frá 1. janúar til 14. maí er opið frá kl. 14:00-16:00 alla daga.

Frá 15. maí til 31. maí er opið frá kl. 12:00-17:00 alla daga.

Frá 1. júní til 24. ágúst er opið frá kl. 9:00-18:00 alla daga.

Frá 25. ágúst til 31. október er opið frá kl. 12:00-17:00 alla daga.

Frá 1. nóvember til 31. desember er opið frá kl. 14:00-16:00 alla daga.

Svo er hægt að hafa samband og láta opna á öðrum tímum, í síma 464-4477 og 846-7245.

## Stjórn og starfsfólk

Safnstjóri og safnvörður er Stefanía Stefánsdóttir í hlutastarfi yfir vetrartímann og í fullu starfi yfir sumartímann. Þorgeir Gunnarsson og Stefán Jón Pétursson voru í fullu starfi yfir sumartímann sem safnverðir. Svo hefur Álfdrís Stefánsdóttir hlaupið undir bagga þegar á hefur þurt að halda.

Launað vinnuframlag starfsmanna var 2.262 klst. auk vinnu við bókhald og uppgjör. Þetta eru ríflega tvö og hálf t. ársverk sem er svipað og á síðasta ári.

### Í stjórn Fuglasafns Sigurgeirs sitja:

Álfdrís Stefánsdóttir, varaformaður

Stefanía Stefánsdóttir, gjaldkeri og ritari

Jóhanna Rögnvaldsdóttir, meðstjórnandi

Axel Stefánsson, meðstjórnandi

Aðalbjörg Stefánsdóttir, varamaður

Hanna Kristín Pétursdóttir, varamaður

Elín Steingrímsdóttir, varamaður

Ólöf Ýrr Atladóttir sagði af sér sem formaður og úr stjórninni á síðasta aðalfundi, við þökkum henni góð og óeigingjörn störf í þágu safnsins. Varamaður kemur inn þar til stjórn hefur skipað nýjan stjórnarfomann.

## Aðsókn

Aðsóknin var lakari þetta árið svo það munaði 1.082 gestum. Við vonum að á næsta ári fjölgi gestum aftur. Gestirnir voru frá 62 þjóðlöndum einu fleira enn á síðasta ári og er gaman að sjá frá hvaða löndum fólkið kemur.

### Gestir eftir þjóðlöndum

Þjóðland	Fjöldi	Þjóðland	Fjöldi
Argentína	3	Alaska	2
Austurríki	119	Ástralía	210
Bandaríkin	970	Belgía	217
Brasilía	15	Chile	7
Danmörk	361	Eistland	5
England	727	Filippseyjar	4
Finnland	55	Frakkland	766
Færeyjar	58	Grikkland	3
Grænland	4	Holland	457
Hong Kong	74	Indland	9
Írland	9	Ísland	3502
Ísrael	188	Ítalía	138
Japan	27	Kanada	282
Kirkistan	1	Kína	26
Kosta ríka	1	Kólumbía	1
Króatía	2	Lettland	19
Litháen	15	Lúxemborg	8
Malasía	9	Malta	1
Namibía	2	Norður-Kórea	1
Noregur	130	Nýja-Sjáland	24
Portúgal	21	Pólland	41
Puerto Rico	7	Rúmenía	13
Rússland	40	Serbía	3
Singapúr	33	Skotland	4
Slóvakía	6	Slóvenía	1
Spánn	85	Suður-Afríka	24
Suður-Kórea	8	Svíþjóð	130
Sviss	357	Taívan	10
Taíland	6	Tansanía	1
Tékkland	30	Ungverjaland	6
Úkraína	3	Þýskaland	1160
Óþekkt	1		



# Ársskýrsla 2014

## Heimsóknir gesta eftir vikudögum.

Vikudagur	Fjöldi
Sunnudagar	1908
Mánudagur	1343
Þriðjudagur	1336
Miðvikudagur	1531
Fimmtudagur	1206
Föstudagur	1316
Laugardagur	1802

## Fjöldi gesta eftir vikum

Vika	Fjöldi	Vika	Fjöldi
Vika 1	16	Vika 27	696
Vika 2	15	Vika 28	608
Vika 3	6	Vika 29	747
Vika 4	13	Vika 30	912
Vika 5	5	Vika 31	616
Vika 6	32	Vika 32	773
Vika 7	73	Vika 33	455
Vika 8	42	Vika 34	479
Vika 9	42	Vika 35	254
Vika 10	43	Vika 36	157
Vika 11	46	Vika 37	140
Vika 12	31	Vika 38	108
Vika 13	72	Vika 39	209
Vika 14	11	Vika 40	205
Vika 15	79	Vika 41	92
Vika 16	74	Vika 42	71
Vika 17	29	Vika 43	27
Vika 18	125	Vika 44	50
Vika 19	191	Vika 45	13
Vika 20	165	Vika 46	26
Vika 21	310	Vika 47	18
Vika 22	266	Vika 48	15
Vika 23	461	Vika 49	14
Vika 24	483	Vika 50	40
Vika 25	563	Vika 51	6
Vika 26	518	Vika 52	0

## Fjöldi gesta eftir mánuðum

Mánuður	Fjöldi
Janúar	55
Febrúar	185
Mars	198
Apríl	239
Maí	987
Júní	2129
Júlí	3219
Ágúst	2239
September	728
Október	315
Nóvember	88
Desember	60



# Ársskýrsla 2014

---

## Húsnæði

Nú er búið að leggja þriggja fasa rafmagnið í jörðina og með því var lagður ljósleiðari svo nú er komið gott netsamband í Fuglasafnið. Húsið er í ágætu ástandi þó þarf að fúguverja það og gera fínt. Líka þarf að helluleggja fyrir framan hurðina á geymslunni og lagfæra kantana á veginum heim að safninu.

## Safnkostur

Safnkosturinn er um 330 uppstoppaðir fuglar, 500 egg og um 50 gripir í bátaskýli.

Í sýningunni eru 180 fuglar og 400 egg og allir munirnir í bátaskýli.

## Skráningarkerfi

Það er ekkert skráningarforrit til enn sem komið er fyrir náttúrugripi sem við vitum um. Við höfum skráð alla fuglana og eggin í Excel forrit og áætla ég að það sé um 40% af þeirri vinnu lokið.

## Varðveisla

Hitastýring er nokkuð góð bæði í geymslu og safnrými, þurfum að skoða kælingu á heitustu dögum ársins. Öryggiskerfi og brunakerfi eru af fullkomnustu gerð og tengd beint við Securitas.

## Rannsóknir

Við erum í samstarfi við Náttúrurannsóknarstöðina við Mývatn í rannsóknarvinnunni okkar. Álftir eru taldar á hverjum mánudagsmorgni allt árið á Neslandavíkinni frá Raufarhól. Fyrstu álftirnar komu 21. apríl voru þær tvær í hálfan mánuð, svo var vika sem engin álft var. Frá 12. maí til 9. júní var bara ein álft á vikinni því hin álftin var á hreiðri, hún kom með þrjá unga á vikina 16. júní, eftir það voru 5 álftir á vikinni nema 30. júní þá voru 9 álftir á vikinni. Síðast voru taldar álftir á vikinni 17. nóvember sem er óvenju seint, en það var búinn að koma ís á vikina um tíma í mánuð eða svo. Til að fylgjast með flórgoðavarpinu var vatnsbakkinn genginn frá Raufarhól að túngarði við Syðri-Neslönd. Á þessu svæði verptu 10 flórgoðapör sem er sami fjöldi og á síðasta ári, hreiðrin voru á svipuðum stöðum. Það var ekki gengið varp í hólmunum í Neslandavík þetta vorið. Ísinn fór af vatninu 9. maí sem er frekar snemma.





# Ársskýrsla 2014

---

## Miðlun

Það eru tvær sýningar, önnur er með fuglunum og eggjunum en hin sýningin er með bátnum Sleipni og ýmsum munum sem tengjast vatninu og nýtingu þess. Það er búið að koma sýningunni í bátaskýlinu á fimm önnur tungumál. Það hefur verið útbúið mjög gott fræðslufni um fugla fyrir skóla, allt frá leikskólastigi og upp í framhaldsskóla. Aðeins var fækkun á skólahópum þetta árið, sem komu í safnið til að fræðast um fuglana og náttúruna. Margmiðlunarefni um allar endurnar, fálkann, suma smáfuglana, safnið, fuglaskoðun og kúluskítinn er klárt og hefur vakið mikla lukku. Það þarf að halda áfram og klára þegar fjármagn finnst til þess. Við gefum út bæklinga á átta tungumálum. Svo höldum við úti heimasíðu og erum með facebook síðu á sumrin. Rannsóknarniðurstöður eru birtar á heimasíðunni og voru líka sendar til Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn til frekari úrvinnslu

## Samstarfsaðilar

Allar okkar rannsóknir eru gerðar í samstarfi við Náttúrurannsóknarstöðina við Mývatn. Faglegar upplýsingar um fugla og náttúruna fáum við hjá Jóhanni Óla Hilmarssyni fuglafræðingi og Náttúrustofu Norðurlands. Haförninn á safninu er fenginn að láni hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Við erum aðilar að Fuglastíg sem er samstarfsvettvangur aðila í fuglatengdri ferðapjónustu. Erum einnig aðilar að Markaðsskrifstofu Norðurlands, Mývatnsstofu og Safnaþingi sem er samstarfsvettvangur safna í Þingeyjarsýslu.

## Önnur þjónusta

Við erum með tvo fuglakíkja í veitingasalnum sem vekja mikla ánægju gesta enda gaman að horfa á fjölbreytt fuglalífið fyrir framan safnið. Nú eru komin upp þrjú fuglaskoðunarhús eru þau við Raufarhól, Kýrhóla og Kálfstjörn. Myndavélin út í Strókhólma hefur sannað sig. Myndin sést á skjá á safninu og er mjög vinsælt að horfa á lífið, bæði fugla á hreiðri eða syndandi úti á vatninu. Við höfum fuglabækur á staðnum fyrir gesti svo þeir geti fræðst um fuglana og áttað sig á því hvaða fuglar eru út á vikinni. Við seljum kaffi af ýmsum gerðum og svo brauð á þjóðlegu nótum, hverabakað rúgbrauð með reyktum silungi, flatbrauð með hangikjöti, vöflur með sultu og rjóma bakaðar á staðnum, kleinur o.fl. Einnig er á boðstólum gos, súkkulaði, bjór, léttvín, ávaxtadrykkir ofl. Fuglatengdir minjagripir eru til sölu hjá okkur. Við veitum ráðgjöf eins og við getum til fuglaskoðunar, hvenær og hvar er líklegt að finna ákveðna fugla. Allar fuglategundir sem sjást á svæðinu þann daginn eru skráðar á töflu á safninu svo gestir geta séð hvaða fugla þeir eigi möguleika á að sjá. Að dagslokum eru upplýsingarnar skráðar inn í töflu og þannig verður til gagnabanki um hvaða fuglar sjást og hvenær á svæðinu.





# Ársskýrsla 2014

---

## Rekstur

Rekstur safnsins gekk ekki nógu vel þetta árið og endaði gestfjöldinn í 10.442 gestum sem er fækkun um 1.082 gesti. Rekstrartekjur án VSK., þ.e tekjur fyrir utan styrki og án VSK., voru 10.197.072 kr. Sem er lækkun um 1.046.657 kr.

Rekstrargjöldin skiptast þannig, laun og launatengd gjöld 6.065.448 kr (sem er lækkun um 451.031 kr) og annar rekstrarkostnaður 4.794.074 kr (sem er hækkun um 639.255 kr) Af hreinum rekstri og styrkjum var tap 437.500 kr.

## Mat á starfssemi

Gestir eru mjög ánægðir þegar þeir fara frá okkur og hæla safninu í hástert. Það er mikil viðurkenning þegar fólk kemur til okkar og segist engan áhuga hafa á fuglum en dvelur svo jafnvel klukkutímum saman inni í safninu. Þetta segir okkur að safnið er mjög áhugavert og vel uppsett. Sýningin í bátaskýlinu er klár og hefur vakið mikla athygli og lof. Við erum búin að setja upplýsingar um hana yfir á fimm tungumál en eigum eftir að bæta við einu eða tveimur tungumálum og vonandi verður það klárt fyrir sumarið 2015. Það sem komið er af margmiðlunarefninu hefur vakið mikla atygli og eru gestir mjög ánægðir með þessa fræðslu. Nú þarf bara að halda áfram þegar fjármagn finnst til þess. Myndavélin í Strókhólma hefur líka vakið athygli og er mjög vinsælt að horfa á lífið á vatninu. Nú er komin betri nettenging og þá opnast möguleiki að senda beint út á netið. Það gæti aukið áhuga fólks á safninu. Það eru skráðir allir fuglar sem sjást þann daginn á töflu og svo á hverju kvöldi eru þær upplýsingar skráðar inn í tölvu. Það verður fróðlegt að rýna í þann gagnagrunn í framtíðinni og sjá hvaða fuglar sjást hér.

## Næstu skref

- Ljúka við að setja upplýsingar í bátaskýli á fleiri tungumál.
- Finna fjármagn og halda áfram með margmiðlunarefnið.
- Koma skráningarmálum safnmuna í betra horf.
- Klára að helluleggja fyrir framan geymsluna.

## Lokaorð

Það voru margir sem efuðust um að það væri mögulegt að reka Fuglasafn í Neslöndum. Með því að vinna faglega að uppbyggingunni erum við með stórkoslegan hlut í höndunum, hús sem er algjört listaverk og náttúrugripasýningu á heimsmælikvarða. Frábæra staðsetningu þar sem hægt er að fylgjast með lífinu á vatninu beint úr safninu. Gestir eru mjög ánægðir með sýninguna, veitingar og umhverfið. Ef rétt er haldið á spilunum með þessa vöru þá á að vera hægt að reka safnið þannig að það standi undir viðhaldi og rekstri hjálparlaust.

---

Stefanía Stefánsdóttir